

## **TILLAGA AÐ:**

# **Starfsleyfi fyrir flugeldasýningar árin 2021 til 2025**

Heilbrigðisnefnd Austurlands hefur móttengið umsókn frá Slysvarnadeildinni Báranni á Djúpavogi dags. 30.11.2021 þar sem sótt er um starfsleyfi vegna flugeldasýningar á gamlárskvöld

Starfsemin er starfsleyfis skyld skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annara laga og reglugerða sem um starfsemina gilda svo sem lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 414/2017 um skotelda og reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

**Leyfishafi:** Slysvarnadeildin Bárán, kt. 480982-0379

**Staðsetning:** við Hermannastekka (Rakkaberg)

**Tímasetning:** Milli kl.17<sup>00</sup> og 18<sup>00</sup> á gamlárskvöld

### **1. Gildis- og ábyrgðarsvið**

- 1.1 Leyfið tekur til flugeldasýningar um áramót árin 2021 til 2024 að báðum árum meðtöldum Leyfið veitir heimild til einnar flugeldasýningar ár hvert.
- 1.2 Leyfið er veitt með þeim skilyrðum að ákvæðum gildandi laga og reglugerða um hollustuhætti og mengunarvarnir hverju sinni sé fylgt, ásamt gildandi lögreglusamþykkt og neðangreindum skilyrðum.
- 1.3 Leyfishafi er ábyrgur fyrir því að ákvæðum starfsleyfis sé fylgt.

### **2. Skilyrði**

- 2.1 Leyfi Heilbrigðisnefndar Austurlands er skilyrt því að fyrir liggi endanlegt leyfi lögreglufirvalda fyrir sýningunni.
- 2.2 Skytt er að haga allri háværrri starfsemi þannig að valdi sem minnstu ónæði.
- 2.3 Óheimilt er að hefja skoteldasýningu ef vindátt eða veðrátt er óhagstæð að mati lögreglu.
- 2.4 Sjá skal um að skotsvæðið sé hreinsað sem fyrst að sýningu lokinni og úrgangi komið í viðeigandi förgun.

dd. desember 2021  
F.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands,

Xxxxxx XXXXXXXXXXXX  
heilbrigðisfulltrúi